

# Endurskoðun laga um fjármál stjórnmalasamtaka og opinber framlög til þeirra

Fjármögnun stjórnmalasamtaka er gríðarlega mikilvægt atriði fyrir réttlátan framgang lýðræðisins og brýnt að búa þannig um hnútana að allir sem koma að borðinu búi við sama rétt og sömu möguleika, óháð stærð og sögu hvers um sig. Fjármögnun stjórnmalasamtaka gerist annaðhvort með opinberum framlögum af skattfé borgaranna eða með einkaframlögum stuðningsmanna. Hér verður tæpt á nokkrum atriðum sem Hreyfingin telur mikilvæg varðandi báða þessa þætti. Mikilvægt er að hafa í huga að stjórnmalasamtök munu alltaf geta eytt meira fé, sama hvað þau fá mikið þannig að spurningin hvað er nóg er ekki viðeigandi, nema út frá sjónarhóli jafnræðis, lýðræðis og gagnsæis.

## Einkaframlög

### Framlög lögaðila

Framlög lögaðila ættu að vera bönnuð með öllu enda er hér um hreina og klára fjárhagslega hagsmunagæslu að ræða og lögaðili getur sem slíkur aldrei haft hugmyndafræðilegan áhuga á framgangi mála heldur eingöngu fjárhagslega hagsmuni, þ.e. gróðasjónarmið. Lögaðilar hafa ekki kosningarétt og ekki er gert ráð fyrir aðkomu þeirra með neinum hætti í stjórnarskránni sem þáttakendum í stjórnmalum.

### Framlög einstaklinga

Framlög einstaklinga ætti að hámarka við 200.000 kr. og öll framlög hærri en 20.000 kr. á skilyrðislaust að skrá og opinbera innan eins dags frá móttöku þeirra.

## Opinber framlög

### Framlög til stjórnmalasamtaka sem bjóða fram til Alþingis<sup>1</sup>

Engin marktæk rök er hægt að færa fyrir því að stór stjórnmalasamtök þurfi meiri framlög en minni samtök og sú regla sem hér gildir á rætur sínar í einföldu meirihlutavaldi stóru flokkana sem í þessu samhengi er ólýðræðislegt.

Mjög mikilvægt er að jafnræðis sé gætt á þessu sviði og ættu framlög að miðast við þann kostnað sem þarf vegna reksturs á skrifstofu og fundaraðstöðu af hóflegri stærð í hverju kjördæmi. Jafnframt dugi framlögin til greiðslu launa fyrir eitt stöðugildi framkvæmdastjóra (á landsvísu) og hálf stöðugildi í hverju kjördæmi fyrir sig. Öll stjórnmalasamtök sem ná kjöri til Alþingis ættu að eiga rétt á þessu framlagi fyrir hvert ár eða hluta úr ári sem samtökin eru á þingi.

Stjórnmalasamtökum sem ná ákveðnu lágmarksfylgi en ekki þingmönnum ætti að tryggja framlag sem nemur helmingi þess sem að ofan er greint en skulu jafnframt gera ítarlega grein fyrir fjárútlátum á hálf-árs fresti.

### Framlög til þingflokka

Framlög til þingflokka frá Alþingi skulu vera þau sömu fyrir alla flokka enda vandséð hvernig stærri flokkar hafi meiri kostnað en minni flokkar, ef eitthvað er þá er það öfugt fyrir minni flokkana sem hafa meiri þörf fyrir t.d. kaup á sérfræðisaðstoð vegna mannfæðar.

### Framlög vegna kosninga

Gera má ráð fyrir sérstöku framlagi að upphæð 12 milljónir til hvers stjórnmalaafls vegna kosninga til handa þeim sem bjóða fram á landsvísu. Framlagið

skal hugsað til reksturs framboðsins og kostnaðar vegna upplýsingaefnis en ekki til beinna auglýsinga. Framlagið skal afhent þegar framboðin hafa skilað inn undirrituðum og staðfestum framboðslistum þar sem frambjóðendur hafa verið staðfestir af hálfu þar til bærst eftirlitsaðila (dómsmálaráðuneyti). Ný framboð sem bjóða fram á landsvísu skulu lúta sömu reglum og önnur.

Framboð sem bjóða fram í færri en öllum kjördæmum skulu fá framlög í samræmi við fjölda frambjóðenda sem hlutfallstölu af 126.

## **Umfjöllum um framboð**

### **Auglýsingar**

Ísland er undantekningartilvik í Evrópu hvað viðkemur auglýsingum stjórnmalasamtaka í ljósvakamiðlum og eina landið sem heimilur slíkar auglýsingar. Almenn regla í Evrópu er að slíkar auglýsingar eru með öllu bannaðar eða þá mjög takmarkaðar. Slíkt ætti einnig að gilda hér á landi.

### **Opinber kynning**

Aðgengi framboða að ljósvakamiðlum í aðdraganda kosninga þarf að vera tryggt með skylduákvæði í lögum sem gerir ráð fyrir kynningum framboða þeim að endurgjaldslausu t.d. með svipuðum hætti og “Party Political Broadcast” í Bretlandi sem er á samtengdum rásum ríkis- og einkasjónvarpsstöðva. Slíkt hefur viðgengist hér á landi hvað RÚV varðar en var aflagt í síðustu kosningum vegna andstöðu stærri stjórnmalaafla sem áttu næglegt fé til að kaupa sér sjónvarpstíma. Kostnaður við framleiðslu efnisins sjálfs er ekki mikill (nema menn vilji) og auðveldlega greiddur af fé flokkana. Svipað fyrirkomulag, þ.e. endurgjaldslaus aðgangur stjórnmalaafla, er algengur í öðrum Evrópulöndum.

Eins má vel hugsa sér að hið opinbera standi að sameiginlegri prentaðri kynningu fyrir öll framboð sem yrði dreift í öll hús. Einhvers konar “Kosningatíðindum”.

-----

---

<sup>i</sup> Opinber framlög á sveitarstjórnarstigi og vegna forsetakosninga til nánari útfærslu í anda þess sem hér að ofan greinir.